

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 23. apríl kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins:

- **Undir lið 4:** Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri í Árborg, Gunnar Haraldsson hagfræðingur og Rósbjörg Jónsdóttir framkvæmdastjóri Framfaravogarinnar.
- **Undir lið 7:** Haraldur Línal Haraldsson hagfræðingur og Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir frá 5. og 29. mars 2021

Lagðar voru fram fundargerðir frá 5. og 29. mars 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðir frá 5. og 29. mars 2021 voru samþykktar án athugasemda.

2. Endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga

Skipulag vinnunnar

Lögð var fram til kynningar verkefnisáætlun verkefnisstjórnar varðandi endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Áætluð verklok verkefnisins er 31. desember 2021.

Erindi frá ráðuneytinu

Lagt var fram erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 21. apríl 2021, varðandi stefnumarkandi áætlun um málefni sveitarfélaga, sem samþykkt var á Alþingi 29. janúar 2020. Þar er kveðið á um aðgerð sem ætlað er að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og auka fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Unnin skuli greinargerð um núverandi tekjustofnakerfi og gerð grein fyrir tekjustofnum sem færst gætu á milli ríkis og sveitarfélaga og mögulegir nýir tekjustofnar sveitarfélaga reifaðir. Þá verði heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lokið fyrir almennar sveitarstjórnarkosningar árið 2022 og breytingar á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði innleiddar í áföngum á því kjörtímabili sem lýkur árið 2026.

Verkefnið er tvíþætt og felur í sér annars vegar endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og mat á fjármögnunarpörf sveitarfélaga miðað við núverandi verkefni. Megináherslan er á sjálfstæða tekjustofna og tækifæri til staðbundinnar forgagnsröðunar við álagningu. Hins vegar lýtur verkefnið að heildarendurskoðun á regluverki því sem gildir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði áfram að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem

settar eru um starfsemi sjóðsins. Kannað verði hvort unnt verði að minnka umfang sjóðsins frá því sem nú er þannig að staðbundnar tekjur fjármagni sveitarfélög í auknum mæli.

Ráðherra hefur skipað verkefnisstjórn sem hefur umsjón með verkefninu. Starfshópurinn er skipaður tveimur fulltrúum ráðherra þeim Hermann Sæmundssyni, skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, sem er formaður starfshópsins, og Magnúsi Jónssyni, stjórnarformanni Byggðastofnunar og fv. sveitarstjóra á Skagaströnd, ásamt þremur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, þeim Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra í Bláskógabyggð, Guðmundi B. Guðmundssyni, bæjarfulltrúa á Akureyri, og Halldóru Káradóttur, sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, og tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðherra, Helgu Jónsdóttur og Nökkva Bragasyni, skrifstofustjórum á skrifstofu skattamála og skrifstofu yfirstjórnar í ráðuneytinu. Jafnframt verða skipaðar tvær sérfræðinganeindir sem munu starfa í umboði verkefnastjórnar. Er þeim ætlað að vinna að greiningu og framsetningu valkosta, annars vegar um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og hins vegar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Með vísan til lögbundins hlutverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. m.a. f. liður 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, leggur ráðuneytið til að sjóðurinn veiti allt að 25 m.kr. framlag til vinnu við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið yrði einnig nýtt til annarra verkefna sem unnið verður að á næstu 2 árum við innleiðingu stefnumarkandi áætlunar um málefni sveitarfélaga eftir því sem við á, m.a. greiningu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og aðgerð er varða starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Áætlað er að mótaðar tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og reglum sem gilda um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, ásamt mati á áhrifum þeirra fyrir fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga til skemmri og lengri tíma, liggi fyrir við árslok 2021.

Fram kom í máli nefndarmanna að um áhugavert verkefni sé að ræða en að umræðu lokinni ákvað nefndin að fresta erindinu fram á næsta fund og óska eftir frekari upplýsingum með hvaða hætti til stendur að ráðstafa 25 m.kr. framlaginu.

3. Efling tónlistarfræðslu

Minnisblað – nýtt samkomulag

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá samráðsnefnd um endurskoðun á samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun til tónlistarnáms, dags. 14. apríl 2021. Samráðsnefndin er einhuga um að mikilvægt sé að við endurnýjun samkomulagsins verði framlag til tónlistarfræðslu hækkað um 8,5% á næsta ári, sem er um 50 m.kr. hækkun grunnframlags. Vert er að undirstrika að gera má ráð fyrir að þar af verði um 14 m.kr. vegna almennrar verðlagsuppfærslu fjárlaga um næstu áramót og nýtt fjármagn væru 35 m.kr.

Verði fallist á framangreinda tillögu gerir samráðsnefndin jafnframt tillögu um að framlag sveitarfélaga til samkomulagsins hækki í sama hlutfalli á árinu 2022, sem er um 21 m.kr. hækkun milli ára. Að uppfylltum framangreindum forsendum mælir samráðsnefndin með því að nýtt samkomulag gildi til tveggja ára, frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023. Efnislega verði nýtt samkomulag að öðru leyti nánast samhljóða gildandi samkomulagi.

Samráðsnefndin mælist til þess að aðilar samkomulagsins taki sem fyrst afstöðu til þessarar tillögu, í ljósi þess að í endurskoðunarákvæði samkomulagsins er mælt fyrir um að endurskoðun samkomulags skuli lokið eigi síðar en 1. apríl 2021.

4. Framfaravogin

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. apríl 2021, ásamt aðsendu erindi vegna Framfaravogarinnar. Markmið Framfaravogarinnar er að meta stöðu félagslegra framfara í samfélaginu en um leið að sýna hvað gera má betur. Því er um að ræða stjórnþæki sem hjálpar sveitarfélögunum að byggja upp umhverfi og innviði sem tryggja félagslegt öryggi, heilbrigða lífshætti og samfélagslega þátttöku íbúa.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri í Árborg, Gunnar Haraldsson hagfræðingur og Rósbjörg Jónsdóttir framkvæmdastjóri Framfaravogarinnar mættu á fundinn og gerðu grein fyrir verkefninu.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu. Taldi nefndin að um áhugavert verkefni væri að ræða en það myndi ekki falla undir verkahring sjóðsins.

5. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Strandabyggð - samkomulag

Lagt var fram til kynningar undirritað samkomulag samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og sveitastjórnar Strandabyggðar um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

6. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs

Stofnframlög – Andrastaðir

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. apríl 2021, ásamt aðsendu erindi frá stjórn Andrastaða, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Mosfellsbæjar, dags. 12. apríl 2021, vegna Andrastaða. Haraldur L. Haraldsson og Rannveig Einarsdóttir mættu á fundinn og gerðu grein fyrir umsókninni. Fyrirhugað er bygging heimiliskjarna á Kjalarnesi þar sem byggja á sjö leiguíbúðir fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, ásamt sameiginlegri aðstöðu og aðstöðu fyrir starfsmenn. Gert er ráð fyrir að þrjár íbúar verði frá Reykjavíkurborg, tveir frá Hafnarfjarðarkaupstað og tveir frá Mosfellsbæ að jafnaði.

Samkvæmt þeirri áætlun sem unnið var með við frágang á umsókn um stofnframlög var áætlað að heildarkostnaður yrði samtals 249.268.000 kr., en niðurstaðan varð 257.449.000 kr. eða 8.181.000 kr. hærra en gert var ráð fyrir í umsókn. Þannig var byggingakostnaður áætlaður lægri en hámarkskostnaður má vera skv. lögum. Í samningaviðræðum treysti verktakinn sér ekki til þess að taka verkið að sér fyrir lægri upphæð en hámarksverð má vera á fm, nema þá að draga úr gæðum hússins miðað við útboðsgögn. Vilji stjórnar stóð ekki til þess.

Sótt var um endurupptöku á afgreiðslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á stofnframlagi vegna verkefnisins þannig að stofnframlagið miðaðist við hámarksverð, en því var hafnað. Þrátt fyrir skýrt ákvæði í reglugerð um að lóðarverð eigi að vera hluti af stofnverði, sem lagt er til

grundvallar við útreikning á stofnframlagi, féllst HMS ekki á að veita stofnframlag vegna lóðarverðs með vísan til þríhliða samkomulags þar um á milli HMS, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um er að ræða skert framlag af 16 m.kr. Samkvæmt framanrituðu fengust ekki stofnframlög vegna eftirfarandi:

Mismunur á hámarks byggingarkostnaði á fermeter og áætluðum byggingarkostnaði í umsókn um stofnframlag	8.181.000
Lóðaverð og niðurrif á húsnæði sem er á lóðinni	16.000.000
Samtals	24.181.000
Skert stofnframlög 34%	8.221.540

Fjármagna þarf þetta skerta framlag með frekari lántöku sem leiðir til hækkunar á húsaleigu væntanlegra íbúa, leigan þarf að hækka um 30 þúsund kr. á mánuði miðað við að stofnframlög hefðu fengist að fullu. Leiguverð á íbúð mun hækka um 4 þúsund kr. á mánuði. Óskað er eftir framlagi sem nemur skertu stofnframlagi, eða 8.221.540 kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með því verði tryggt að væntanlegir íbúar Andrastaða sitji við sama borð hvað leiguverð varðar og þeir leigjendur sem eru í íbúðum þar sem greitt er að fullu stofnframlag skv. lögum og reglugerðum þeim tengdum.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að taka umsóknina til greina og veita framlag að fjárhæð 8.221.540 kr.

Stofnframlög – Skeiða og Gnúpverjahreppur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. apríl 2021, ásamt aðsendu erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem óskað er eftir kostnaðarþátttöku sjóðsins vegna íbúðar fyrir fjölfatlaðan einstakling í NPA flokki. Heildarkostnaður við verkið var 10.779.667 kr.

Að yfirferð lokinni ákvað nefndin að samþykkja 25% kostnaðarþátttöku sjóðsins að fjárhæð 2.694.917 kr.

Stofnframlög – Bergrisi og Sólheimar

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. apríl 2021, ásamt aðsendu erindi frá Sólheimum og Bergrisanum, dags. 19. apríl 2021 um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, vegna nauðsynlegra endurbóta og endurskipulagningar á eldra íbúðarhúsnæðis fatlaðs fólks á Sólheimum, með vísan til c-liðar 2. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam samtals 33.544.261 kr. Miðað við 25% kostnaðarþátttöku næmi framlag vegna framkvæmdanna 8.386.065 kr.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að samþykkja 25% kostnaðarþátttöku sjóðsins að fjárhæð 8.386.065 kr.

7. Ný reglugerð og samstarfsyfirlýsing

Lögð var fram til kynningar ný reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ásamt samstarfsyfirlýsingu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalagi Íslands. Um er að ræða átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

8. Umsókn um framlag vegna innri úttektar

Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. apríl 2021, ásamt aðsendu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 23. mars 2021, þar sem óskað er eftir framlagi fyrir innri úttekt á heimilum fyrir fatlað fólk í Reykjavík á grundvelli reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020, nr. 616/2020. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að gera innri úttektir í íbúðakjörnum og sambýlum fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Úttektin er í formi viðtala við notendur en áætlað er að gera úttektir á 10-15 heimilum á árinu 2021 og sambærilegum fjölda á ári næstu 4-5 ár.

Sótt er um styrk vegna þess launakostnaðar sem fellur til vegna úttektarinnar.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fresta erindinu fram á næsta fund og óska eftir nánari upplýsingum.

9. Dagskrá ferðar um norðurland vestra

Lögð voru fram drög að dagskrá ferðar nefndarinnar um Norðurland vestra sem áætluð er 10.-12. maí.

10. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 10. maí kl. 17:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:25.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson